

Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands um doktorsnám

Háskóli Íslands (HÍ) og Landbúnaðarháskóli Íslands (Lbhí), gera með sér eftirfarandi samstarfs-samning:

Forsendur

Háskóli Íslands hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis, skv. lögum nr. 63/2006 um háskóla, til þess að bjóða doktorsnám á þeim fræðasviðum sem kennd eru við háskólann, sbr. bréf ráðherra dags. 15. maí 2008 og 14. september 2009.

Á vegum Háskóla Íslands (HÍ) er starfrækt Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009. Miðstöð framhaldsnáms hefur umsjón með og fylgir eftir settum viðmiðum og kröfum um gæði framhaldsnáms við Háskóla Íslands sem fram fer á faglegri ábyrgð háskóladeilda með það að markmiði að stuðla að kröftugu vísindastarfi sem stenst alþjóðlegan samanburð og samkeppni. Hlutverk Miðstöðvarinnar er að tryggja og efla gæði meistara- og doktorsnáms við Háskóla Íslands og stuðla að viðgangi þess í samræmi við ákvarðanir háskólaráðs. Hlutverk sitt rækir hún samkvæmt nánar tilgreindum ákvæðum í 66. gr. reglna.

Miðstöðin er vettvangur samráðs og samvinnu um framhaldsnámið innan háskólans og tengiliður við samstarfsaðila innanlands og utan.

Landbúnaðarháskóli Íslands hefur skilyrta viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis til þess að bjóða upp á doktorsnám í tilgreindum undirflokkum fræðasviðs náttúruvísinda og auðlinda- og búvísinda, sbr. bréf ráðherra, dags. 14. september 2009. Heimildin er bundin því skilyrði að námið verði byggt upp í samstarfi við Háskóla Íslands og að fjórum árum liðnum beri Lbhí að sækja að nýju um viðurkenningu doktorsnáms í greinunum sem um ræðir. Til hliðsjónar eru ábendingar sérfræðinefndar um doktorsnám í náttúruvísindum og auðlinda- og búvísindum í skýrslu nefndarinnar frá apríl 2009.

Samkvæmt 66. gr. reglna Háskóla Íslands er heimilt að veita öðrum háskólum aðild að Miðstöð framhaldsnáms, enda uppfylli þeir fagleg skilyrði til þess að standa fyrir doktorsnámi í viðkomandi fræðigrein að hluta eða öllu leyti samkvæmt mati stjórnar Miðstöðvarinnar. Um slíka aðild skal gerður sérstakur samningur.

Samningur þessi um doktorsnám, sem gerður er á framangreindum forsendum, felur í sér tilgreinda aðild Landbúnaðarháskóla Íslands að Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Til hliðsjónar er almennur samstarfssamningur skólanna frá 3. desember 2008.

Markmið

Markmið samnings þessa er að stuðla að auknu samstarfi um doktorsnám til þess að ná fram þeim stefnumiðum sem þeir hafa sett sér á sviði rannsókna og rannsóknanáms. Áhersla er lögð á uppbryggingu doktorsnámsins við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Tengsl við Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands

Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands þjónar Landbúnaðarháskóla Íslands með sama hætti og einstökum deildum og fræðasviðum Háskóla Íslands.

Landbúnaðarháskólinn tilnefnir sérstakan tengilið við Miðstöðina.

Í allri samvinnu um doktorsnám á milli skólanna skuldbindur Landbúnaðarháskólinn sig samkvæmt samningi þessum til þess að hlíta þeim kröfum og viðmiðunum sem Háskóli Íslands hefur sett um doktorsnám og eftirliti sem Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur með höndum. Skal það staðfest í reglum um doktorsnám við LbhÍ. Landbúnaðarháskólanum er jafnframt frjálst að eiga samstarf við aðra háskóla á sviði doktorsnáms, t.d. á vettvangi NOVA-samstarfsins.

Samvinna um doktorsnám og veiting sameiginlegrar prófgráðu (joint degree)

Háskóli Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands, einstök svið þeirra eða deildir, geta átt samvinnu um einstaka þætti doktorsnáms, m.a. með því að nýta námskeið hvor hjá öðrum, leiðbeinendur hvor frá öðrum og aðstöðu og búnað til náms og rannsókna.

Skólanir og einstök svið þeirra eða deildir geta enn fremur ákveðið að standa sameiginlega að doktorsnámi frá byrjun og veita sameiginlega prófgráðu (joint degree) við lok náms, sbr. 62. gr. reglna Háskóla Íslands. Í slíkum tilvikum skal gerður samningur um hvern nemanda og skipuð sameiginleg doktorsnefnd, sbr. 69. gr. reglna Háskóla Íslands.

Samningar um einstök doktorsverkefni

Í samningi um sameiginlegt doktorsnám og veitingu sameiginlegrar prófgráðu við námslok sem fram fer á ábyrgð beggja háskólanna skal eftirfarandi koma fram, sbr. einnig 69. og 70. gr. reglna Háskóla Íslands:


Umsóknarfrestur, meðferð umsókna, inntökuskilyrði, nafn doktorsnema, einingafjöldi og tímalengd náms, samsetning náms, umsjónarkennari og leiðbeinandi, kröfur til þeirra er leggja mat á námið og lokaverkefnið, doktorsnefnd, námsmat, ákvæði um andmælendur við doktorsvörn og framkvæmd doktorsvarnar, skil og frágangur lokaverkefnis, þ.m.t. tungumál sem ritgerð er rituð á, lerdómstíll og eftirlit Miðstöðvar framhaldsnáms með reglum og viðmiðum.

Gildistaka og endurskoðun


Samningur þessi er ótímabundinn og tekur þegar gildi. Hann er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara af beggja hálfu miðað við 30. júní ár hvert. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum. Þegar liðin eru fjögur ár af samningstímanum skal með samþykki beggja aðila fara fram úttekt á framkvæmd samningsins og mat á því hvernig markmiðum hans hafi verið náð og hvert framhald geti orðið.

Reykjavík, 9. febrúar 2012

F.h. Háskóla Íslands


Kristín Ingólfssdóttir, rektor

F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands


Águst Sigurðsson, rektor